

Fundargerð 71. fundar Fræðslusjóðs
Mánudaginn 18. desember 2017 kl. 14:00 – 15:30
haldinn í Skipholti 50b. 3. hæð

Mætt: Guðrún Ragnarsdóttir, Garðar Hilmarsson, Ingibjörg Ösp Kristjánsdóttir, Fjóla Jónsdóttir, Svanhildur Sverrisdóttir, Kristín Þóra Harðardóttir

Boðuð forföll: Jón Fannar Kolbeinsson

Fjarverandi: Ársæll Guðmundsson, Halldór Grönvold,

Frá FA: Sveinn Aðalsteinsson, Björn Garðarsson

Dagskrá

1. **Fundargerð síðasta fundar (fylgiskjal 1)**
Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
Fundargerð 69. fundar samþykkt.
2. **Úthlutun 2018 (fylgiskjal 2)**
Samantekt úthlutanna.
Ekki komu fram athugasemdir við úthlutunina. Umræður urðu um gegnsæi á framkvæmd fræðsluaðila og hvort meðferð fjár væri með besta mögulega hætti.
FA geri samantekt úr Nauthóls-ráðstefnunni og leggi það fram sem innlegg í umræðuna um úttekt á framkvæmd aðila.
3. **Verðlisti 2018 (sjá fylgiskjal 3 og 4)**
Vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, túlkajónusta.
Samþykkt að verðlistinn hækki um 5%. Á það við um vottaðar, ráðgjöf, raunfærnimat og túlkajónustu.
4. **Önnur mál**
 - a. Breytt verklag við dreifingu fundargagna.
Samþykkt að taka upp lokað svæði á vef FA og stefnt að því að öll fundargögn verði komin þar inn á hádegi fimmtudags fyrir fundinn.
 - b. Lagt er til að auglýstur verði sérstakur styrkur til nýsköpunar- og þróunarverkefnis sem miðar að því að útfæra aðferðir og leiðir til að efla framhaldsfræðslu innan fyrirtækja fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar. Úthlutunarnefnd þróunarverkefna Fræðslusjóðs er falið að útfæra þetta nánar í samræmi við heildar auglýsingu á styrkjum til nýsköpunar- og þróunarverkefna Fræðslusjóðs.

Guðrún Ragnarsdóttir
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir
Garðar Hilmarsson
Ingibjörg Ösp Kristjánsdóttir
Kristín Þóra Harðardóttir